

178

30. sept.

AUGLÝSING

um breyting á reglugerð um fasteignaskatt til Siglufjarðarkaupstaðar, nr. 72 27. apríl 1946.

1. gr. reglugerðarinnar breytist þannig, að í stað orðanna „á löggiltri verzlunar-lóð Siglufjarðar“ komi: innan lögsagnarumdæmis kaupstaðarins, undanskilið er þó Héðinsfjörður, Dalir og Siglunes.

Reglugerðarbreyting þessi, sem bæjarstjórn Siglufjarðarkaupstaðar hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkv. lögum nr. 67 12. apríl 1945, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 30. september 1947.

F. h. r.

Jónas Guðmundsson.

Jón S. Ólafsson.

- 179 Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Signýjarsjóð“, útgefin á venjulegan
3. okt. hátt að mandatum af dómismálaráðherra 3. október 1947.
Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Signýjarsjóð.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Signýjarsjóður og er stofnaður til minningar um Signýju sál. Valdímarsdóttur frá Leysingjastöðum í Hyammssveit, er lézt hinn 8. marz 1946.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 500.00, sem er gjafafé frá vinum hinnar látnu.

3. gr.

Hlutverk sjóðsins er að standa straum af verðlaunagjöfum til barna og unglinga, sem sýna sérstaka iðni og siðprýði við nám í heimavistarskólanum að Laugum í Sælingsdal, Dalasýslu.

4. gr.

Stofnfé sjóðsins má aldrei skerða, en allar árlegar rentur mega ráðstafast samkvæmt því, er segir í 3. gr.

5. gr.

Tekjur sjóðsins eru:

- a. Rentur af höfuðstól sjóðsins;
- b. gjafir og áheit, sem berast kunna;
- d. ágóði af samkomum, er haldnar kunna að verða til ágóða fyrir sjóðinn.

6. gr.

179

Verði rentur af stofnfé sjóðsins það háar að stjórn sjóðsins þyki ástæða til, hefur hún heimild til að verja nokkrum hluta tekna til annarra útgjalda í þágu ræmenda skólans. Þó má aldrei nota fé sjóðsins sem beinan rekstursstyrk skólans til handa.

3. okt.

7. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð 3 mönnum og eiga þessir sæti í henni: Sóknarprestur, sem er formaður, skólastjóri barnaskólans og skólanefndarformaður eða í hans stað maður kosinn af skólanefnd.

8. gr.

Fé sjóðsins skal ávaxtast í Sparisjóði Dalasýslu eða annarri tryggri lánsstofnun. Skal stjórn sjóðsins færa dagbók fyrir sjóðinn, þar sem í séu rituð nöfn allra þeirra, er verðlaun hafa hlotið frá sjóðnum, svo og árlegar tekjur og gjöld.

9. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Skulu reikningar árlega endurskoðaðir af manni, sem skólanefnd kys til þess.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Sjúkrahússjóð Höfðakaupstaðar“, 180
útfegin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 3. október 1947. 3. okt.
Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Sjúkrahússjóð Höfðakaupstaðar.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Sjúkrahússjóður Höfðakaupstaðar. Starfssvið hans er Höfðahreppur í Húnavatnssýslu með þeim takmörkum, sem hann hefur í árslok 1947.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er 2000 — tvö þúsund — krónur, er kvenfélagið Eining í Höfðahreppi hefur afhent honum.

3. gr.

Sjóðurinn tekur með þakklæti móti gjöfum og áheitum eða öðru styrktarfé, og leggst það allt við stofnféð og myndar höfuðstól sjóðsins, sem ávaxta skal í Sparisjóði Húnavatnssýslu á Blönduósi, eða annarri tryggri peningastofnun.

4. gr.

Stjórn sjóðsins skal jafnan falin þrem konum búsettum í Höfðakaupstað. Skal starfandi ljósmóðir kaupsins ávallt sjálfkjörin í stjórnina, en meðstjórnendur hennar kys Kvenfélagið Eining. Skulu þær konur kosnar til fjögurra ára, og ganga úr á víxl á tveggja ára fresti, í fyrsta sinn 1949, og þá eftir hlutkesti. Leggist félagið niður skulu meðstjórnendur kosnir af þeim konum búsettum í Höfðahreppi, sem náð hafa 18 ára aldri.

5. gr.

Stjórn sjóðsins annast allar framkvæmdir hans. Hún skal halda gerðabók, skal færa í hverja þeirra skipulagsskrá sjóðsins, enn fremur alla reikninga, er sjóðinn